

# Krókódille í treet

Höfundur texta og mynda: Ragnar Aalbu (Noregi) Forlag: Cappelen Damm (2017) Tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2016.

Söguþráður: Krókódill röltir inn í skóginn þar sem krókódílar eru ekki vanir að vera á ferli. Krókódíllinn heldur að úlfur sé að koma og klifrar upp í tré til að vera óhultur. Útsýnið er gott en það reynist erfiðara að klifra niður en upp. Krókódíllinn leitar að lausn.

Efnisorð: að prófa eitthvað nýtt, forvitni, að bjarga sér úr klípu, sjálfstæði, höfnun, ólíkir menningarheimar og umhverfi

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvar er krókódíllinn? Hvað er krókódíllinn að gera? Sjáið þið önnur dýr? Teiknaðu tré og krókódíl. Kunnid þið einhver lög um krókódíla?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Veistu eitthvað um krókódíla? Hvar eiga þeir heima? Hvernig líta þeir út? Hvað finnst þeim gaman að gera? Málaðu eða teiknaðu krókódíl.

2. Lestu titilinn og skoðið kápumyndina. Um hvað heldur þú að bókin sé?

3. Hvers vegna er krókódíllinn uppi í tré? Hefur þú prófað að klifra upp í tré? Hvernig er að vera svona hátt uppi? Hvernig komstu niður aftur?

4. Krókódíllinn dettur niður en lendur á einhverju sem er mjúkt og brúnt. Hvað getur það verið? Skoðið myndirnar vel.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hvað finnst þér um söguna? Hvers vegna vill krókódíllinn fara einn út í skóg þegar það er öruggara að vera heima.

2. Skoðaðu kápumyndina. Hvaða liti sérð þú? Hvað form? Teiknaðu tré og krókódíl úr hring, ferhyrningi og þríhyrningi.



ISBN 978-952-7486-63-4

3. Hvað finnst þér um söguna? Hvers vegna klifrar krókódíllinn enn hærra upp í tré? Fuglinn fær óvænta heimsókn. Hvað hefðir þú gert ef þú hefðir fengið krókódíl í heimsókn?

4. Krókódíllinum finnst gaman að fara einn í göngutúr, sérstaklega í þoku. Finnst þér stundum gaman að gera eitthvað ein/n? Segðu frá!

5. Litli krókódíllinn verður hræddur þegar hann heldur að hann sjái úlf. Ert þú hrædd/ur við eitthvað dýr?



## BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Ef þú ætlaðir að fara á stað sem þú hefur ekki komið á áður, hvernig staður ætti það þá að vera? Hvað myndirðu vilja að gerðist þar?

3. Á öftustu síðu er mynd af stelpu í rauðum fötum. Hvers vegna heldurðu að höfundurinn hafi haft hana með í sögunni?

Hvað heldur þú að gerist næst? Skrifðu framhaldið.

4. Ímyndaðu þér að það sé hátt tré nálægt heimili þínu og þú klifrir alla leið upp í það. Lýstu útsýninu og teiknaðu það.

## ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Det var ikke en busk. Höfundur: Eli Hovdenak

Tréð (Træið). Höfundur: Bárður Oskarsson

## MÁLAMOLI

# "Krókódill"

sænska

Krokodil

danska

Krokodille

norska

Krokodille

íslenska

Krókódill

færeyska

Krokodilla

grænlandska

Kuukkooriarsuaq

finnska

Krokotiili

norðursamíska

Krokodiila

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)